

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 25/2004**

**frá 19. mars 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2003 frá 7. nóvember 2003 (<sup>1</sup>).
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/424/EB frá 6. júní 2003 um breytingu á ákvörðun 96/603/EB um samantekt skrár yfir vörur sem falla undir flokk A „Stuðlar ekki að útbreiðslu elds“ sem kveðið er á um í ákvörðun 94/611/EB um framkvæmd 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur (<sup>2</sup>) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 D 0424:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/424/EB frá 6. júní 2003 (Stjtið. ESB L 144, 12.6.2003, bls. 9).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/424/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 29.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 144, 12.6.2003, bls. 9.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.